

Sveinbjörn á Akureyri

Hæ!

Ég heiti Ingibjörg Embla og ég ætla að segja ykkur frá ferð til Akureyrar sem Sveinbjörn bangsi fékk að fara með mér í. Við fórum til að halda upp á afmæli afa míns. Hann varð 70 ára

Ingibjörg á bókasafninu kom með Sveinbjörn og töskuna hans til mín í Krakkakot daginn sem við lögðum af stað og svo fórum við Sveinbjörn heim til afa og ömmu og Atla Dags (það er litli frændi minn), pökkuðum dótinu í bílinn hans afa og ókum af stað í Gauksmýri. Þar gistum við fyrstu nóttina.



Þar fóru allir að sofa og sína drauma að lofa í litla herberginu. Á Gauksmýri var margt að sjá, uppstoppaða hrafna og alls kyns gamalt dót. Sveinbjörn varð svolítið hræddur við hrafnana.



Jóhann bóndi skrifaði í passann hans Sveinbjarnar til að það sæist að við hefðum komið á Gauksmýri. Eftir morgunmatinn fórum við áfram til Akureyrar og fundum húsið sem við ætluðum að vera í.

Pabbi og mamma Atla Dags ætluðu að koma frá Hollandi um kvöldið (á fimmtudaginn) en fluginu seinkaði vegna eldgossins og þau komu ekki

fyrir en á föstudag og þá komu líka hinn frændi minn og konan hans og mamma og stjúppabbi minn.

Á laugardaginn átti afi minn afmæli og þá var veisla og fullt af fólki kom. Sveinbjörn fékk að vera með í veislunni.

Áður en afmælið byrjaði fórum við fjölskyldan í myndatöku bæði úti og inni. Eftir afmælið fórum við út að borða á veitingahúsi en Sveinbjörn svaf heima í húsinu á meðan.

Næsta morgun fórum við í heita pottinn svo fórum við og fengum okkur Brynjuís. Svo fóru mamma og Olli aftur suður en við fórum upp í fjall að skoða snjóinn. Sveinbjörn sagðist hafa verið svo mikið í snjónum í vetrarfríinu að hann vildi ekki fara með. En veðrið var orðið svo vont að við fórum fljótt til baka. Þegar við komum aftur í húsið fórum við afi í fjallgöngu svo fórum við aftur inn. Síðan eldaði Kristján frændi minn mjög góðan mat sem við borðuðum með bestu lyst.

Daginn eftir fóru allir hinir heim með flugvél nema við Atli Dagur, Sveinbörn og afi og amma.



Afi keyrði okkur heim í Garðabæinn. Á leiðinni fengum við okkur öll pylsur í Víðigerði og Sveinbjörn hámaði líka í sig eina pylsu.

Þegar við komum í Garðabæinn fórum við Sveinbjörn heim í Hörgatún til að sofa þar síðustu nóttina áður en hann færi aftur á bókasafnið.

